

Úr bókinn: *Telepathy* eftir A.A. Bailey

## FRÆÐSLA UM FJARHRIF

### 1. SVIÐ FJARHRIFA

Eitt af því sem einkennir hóp heimspjónenda og þeirra sem búa yfir þekkingu er að engin ytri samtök tengja þá saman. Þeir eru sameinaðir vegna innra hugarfars og með fjarhrifasambandi vegna innri skyldleika. Hinir miklu, sem við öll leitumst við að þjóna eru tengdar á þennan hátt og geta, við hina minnstu þörf og án teljandi orkueyðslu, komist í samband hvor við annan. Þeir eru allir samstilltir á ákveðna tíðni.

Í hinum nýju hópum er samankomið fólk sem er mjög ólíkt að eðlisfari, er á mismunandi þróunarleiðum, af mismunandi þjóðerni og er hver og eitt mótað af umhverfi sínu og erfðum. Auk þessara augljósu þátta sem við veitum strax athygli er lífsreynsla viðkomandi sálna á móta fjölbreytileg. Viðfangsefnið verður enn margþættara er við minnumst þess langa vegs sem hver og einn hefur að baki og þau mörgu atriði (úr fjarlægri og óljósri fortíð) sem hafa gert hverja persónu að því sem hún nú er. Þegar við því lítum á þær hindranir og erfiðleika sem verða til við slíkar fjölbreytilegar aðstæður vaknar spurningin: Hvað myndar sameiginlegann vettvang og hvað stuðlar að samspili viðkomandi huga? Svárið við þessari spurningu er ákaflega mikilvægt og gerir kröfu um skýran skilnings.

Eftirfarandi orð eru úr Biblíunni: "Í Honum lifum og hrærumst vér" lýsa grundvallarlögmáli í náttúrunni og því sem liggur að baki þeirrar staðreyndar sem við óljóst nefnum Alnánd. Alnánd hefur sinn tilverugrundvöll í grunneðli alheimsins og í því sem vísindamenn kalla ether. Orðið ether er samheiti fjölda orkustrauma sem allir eru tengdir innbyrðis og mynda orkusvið plánetu okkar.

Er við fjöllum um fjarhrif verðum við að hafa í huga að etherískur líkami hvers einasta forms náttúrunnar er óhjakvæmilegur hluti efnislíkama Guðs — Ekki hins efnisþetta forms heldur þess sem dulspekingar telja undirstöðu formmyndunar. Við notum orðið Guð yfir tjáningu Lífsins Eina sem dvelur í hverju formi hins hlutræna sviðs. Eterski eða orkulíkami hvers manns er því hluti hins eterska líkama sjálfrar plánetunnar og þar af leiðandi, sólkerfisins. Í gegnum þennan miðil er hver maður tengdur hverri einustu birtingu hins guðdómlega lífs, smárrí og stórrí. Starfsemi eterska líkamans felst í því að taka á móti orkuáhrifum sem örva hann til athafna. Etheríski líkaminn er í rauninni ekkert annað en orka. Hann samanstendur af óteljandi orkurásum sem tengdar eru tilfinninga- og hugarlíkama og sálinni vegna samstilltra áhrifa þeirra. Þessir orkustraumar hafa síðan áhrif á jarðlíkamann og örva hann á einn eða annan veg, allt eftir hvers eðlis og hversu kraftmikil sú tegund orku er ríkjandi í eterska líkamanum á hverjum tíma.

Vegna þessa streymir um eterska líkamann orka frá einhverjum huga. Almennt er svörun manna við stjórnun Alheimshugarins ómeðvituð. Nú á tímum verður þetta flóknara vegna þess að hugur manna er í örum þroska og sýnir almenningshugmyndum (eða almenningsáliti) meiri svörun. Innan mannkynsfjölskyldunnar finnast einnig þeir sem taka á móti áhrifum þessa Hugsuða er vinna í hugefni og stjórna innra heildi, frá huglægu sviði lífsins, birtingu hinnar miklu ráðagerðar og formbirtingu hins guðlega tilgangs.

Þetta heildi Hugsuða skiptist í sjö aðaldeildir og yfir þeim ríkja þrjár miklar lífverur eða yfirskilvitlegar vitundarverur. Þessar verur eru Manu (mannkynshöfðinginn), Kristur (heimsfræðarinn, Bodhisattva) og Mahachohan (lávarður siðmenningarinnar). Þeirra starf er að hafa áhrif á huga fullnuma og innvígðra sem síðan hafa áhrif á lærisveina, en þeir, hver um sig og á eigin ábyrgð vinna úr higmynd sinni um fyrirætlunina og leitast við að birta hana eftir bestu getu. Eins og hægt er að geta sér til um er hér verið að færa sveiflutíðni niður þar til hún verður nægilega þung til að hafa áhrif á efni jarðsviðsins og gera þannig uppbyggingu skipulegra áhrifa á jarðsviðinu mögulega. Þessir lærisveinar hafa fram að þessu unnið að mestu leyti einir nema þegar karmísk tengsl hafa leitt þá saman. Fjarhrifaboðskipti hafa aðallega verið einskorðuð við Helgistjórn fullnuma og innvígðra bæði í og án jarðlíkama og hið sérstaka starf þeirra með lærisveinum sínum.

Nú er þó álitnið mögulegt að koma á hliðstæðu ástandi og fjarhrifatengslum á milli lærisveina á jarðsviðinu. Burtséð frá því hvar þeir eru mun þessi hópur launspekinga og vitenda að lokum geta haft samband hver við annan og gera það oft jafnvel nú þegar. Launspekileg grundvallarhugmynd eða ný uppgötvun sannleika kemur til margra á sama tíma og margir hugar tjá hana samtímis. Enginn einn getur eignað sér fram komið atriði eða sannleika. Margir hugar tóku við þessari sömu hugmynd. Venjulega er sagt að viðkomandi hafi numið af innri hugsanabylgjum eða hafi náð sambandi við alheimshugann. Bókstaflega og tæknilega séð er það ekki þannig. Einhver meðlimur Helgistjórnarinnar hefur samband við alheimshugann í samræmi við sínar hugrænu tilhneigingar og starfstæki og það sem fullnumarnir skynja að er áriðandi hverju sinni. Því næst ber hann hina nýju hugmynd, uppgötvun eða opinberun undir heildi fullnumanna (að sjálfsögðu með fjarhrifasambandi) og er þeir hafa rétt hana sín á milli leggur hann hana fyrir lærisveina sína. Á meðal þeirra finnur hann einn sem tekur auðveldar og skynsamlegar á móti en hinir. Hann getur síðan haft áhrif á aðra huga með skýrri hugsun og afli hugsanaforma sinna. Læri sveinarnir taka þessar hugmyndir sem sínar eigin og vinna að því að koma þeim í framkvæmd. Hver og einn álitur þetta sín forréttindi og vegna þessa sérhæfileika og sjálfkrafa ábyrgðartilfinningar leggur hann alla sína orku í að vinna og berjast fyrir hugsanaformum sínum.

Dæmi um slíkt getum við fundið í sögu Þjóðabandalagsins (Sameinuðu þjóðanna). Áður en meistari Serapis tók við sínu sérstaka starfi leitaðist hann við að gefa mannkyninu (einhverja) uppbyggjandi hugmynd þeim til hjálpar. Hann skynjaði einingu heimsins á sviði stjórn mála, er myndi birtast í sameiningu þjóðanna til að viðhalda friði í heiminum. Hann lagði þetta fyrir fullnumana og það kom fram að eitthvað var hægt að gera. Meistari Jesús tók að sér að leggja hana fyrir lærisveina sína þar sem hann starfaði með vestrænum þjóðum. Einn lærisveinanna skynjaði hugmyndina á innri sviðum og kom henni áfram eða öllu heldur færði hana niður, þar til House of Representatives skynjaði hana í heilavitund sinni. Hann fann ekki hvaðan hugmyndin kom, en hann kom henni áfram til lærisveins á 6. þróunarleið, Woodrow Wilson að nafni. Eftir að hún hafði nærst af fjölda hliðstæðra hugmynda í hugum margra var hún kynnt heiminum. Hafa ber í huga að hlutverk lærisveinsins er að einbeita sér að einhverri ákveðinni tegund af orkustraumi á jarðneska sviðinu, sem getur orðið miðpunktur aðdráttararfs er laðar til sín skyldar hugmyndir og hugsanastrauma sem eru hvorki nægilega máttarmiklar til að lifa einar né til að hafa nægilega sterk áhrif á mannlega vitund.

Í sameiningu liggur styrkur. Þetta er annað lögmálið sem stjórnar fjarhrifasambandi.

Hið fyrra lögmál er:

1. Mátturinn til boðskipta felst í sjálfu eðli efnisins. Það er til staðar í eternum og felst merking fjarhrifa í orðinu Alheimsnánd. Hið annað lögmál er:
2. Samspil margra huga skapar sameinaða hugsun sem er nógu máttug til að heilinn geti skynjað hana.

Hér höfum við lögmál sem stjórnar huglægu starfi og annað lögmál er stjórnar hlutrænni birtingu. Við skulum orða þessi lögmál á sem einfaldastan hátt. Þegar hver einstakur innan heildisins getur starfað í sinni hugrænu vitund, óháður heilanum eða tilfinningum sínum, mun hann uppgötva umfang hins hugræna frumþáttar sem er hin fyrsta ytri birting sálarvitundarinnar. Hann mun þá koma inn á svið hugmyndanna og verða var við þær í gegnum næmleika hugans. Því næst leitar hann þeirra sem eru opnir fyrir samskonar hugmyndum og sem bregðast við sömu hugrænu áhrifum samtímis honum. Þegar hann sameinast þeim uppgötvar hann að á milli þeirra er gagnkvæmur skilningur.

Skilningur á fyrra lögmálinu hefur ákveðnar hugrænar afleiðingar. Skilningur á seinna lögmálinu hefur áhrif á hina smærri móttökustöð, heilann. Þetta er mögulegt með því að styrkja eigin hugræn viðbrögð með hugrænum viðbrögðum annarra, sem eru móttækilegir á svipaðann hátt. Við sjáum því að þessi aðferð til boðskipta, sem stjórnað er af þessum tveim lögmálum, hefur alltaf verið notuð af fullnumum, innvígðum og lengra komnum lærisveinum sem eru í jarðlíkama. Þessi starfsemi verður nú færð út og stöðugt þróuð af "launspekingum" og heimsþjónendum, sem í sameiningu vinna að frelsun heimsins.

Aðeins þeir sem skilja þýðingu einbeitingar og hugleiðingar og sem geta haldið huganum stöðugum í ljósinu eru færir um að skilja fyrra lögmálið og þetta samspil hugsanastrauma sem eiga sér einn tengipunkt til tjáningar í huga einhvers innblásins hugsuðar og annan í huga hins athugula heimsþjónanda sem leitast við að stilla sig inn á þau hugsanaferli sem fela í sér svarið við frelsun heimsins. Upptök hugarorkunnar eru hjá Hugsuði sem hefur komist handan við mannlegar takmarkanir og getur því tengst hinum guðdómlega Huga. Móttakandi þessarar hugarorku er sá maður, í ytri birtingu, sem hefur samtengt heila, huga og sál.

Alheimsandi gerir alvisku mögulega vegna þess að alheimsnánd er náttúruleg lögmál og grundvallast á þeirri staðreynd að eterskir líkamir allra forma mynda eterskan líkama heimsins. Plánetulogossinn örvar eterska líkama sinn til athafna með viljabeitingu. Orka myndast við streymi hugarforms hans inn og um orkulíkama hans. Þetta hugarform inniheldur og tjáir tilgang hans heiminum til handa. Hin guðdómlega Hugsun stjórnar öllum óæðri lífsformum og mannlegum formum upp að stigi hins þroskaða manns fyrir tilstuðlan orkulíkama þeirra, sem er óaðskiljanlegur hluti heildarinnar. Samt sem áður bregðast þeir ómeðvitað og dómgreindarlaust við. Þroskaðir menn, "launspekingar" og vitendur verða stöðugt betur varir við þann Huga sem stjórnar framrás þróunarinnar. Þegar rækt er lögð við þessa varurð og einstaklingshugurinn er meðvitað tengdur huga Guðs eins og hann birtist í uppljómuðum huga fullnumanna, mun alviskan aukast stöðugt. Þetta er saga sannra fjarhrifa. Hún lýsir vexti fámennrar stjórnar útvalinna sálna sem munu að lokum stjórna heiminum, sem verða valdar til að stjórna og sem verða viðurkenndar af fjöldanum til að gegna þessari háu stöðu vegna þeirrar samræmingar sem þær hafa komið á, á milli:

1. Alheimshugarins.
2. Þeirra eigin huga sem er uppljómaður af sálvitundinni.
3. Heilans, er bregst við einstaklingshuganum og
4. Heildi skyldra huga.

Það er gert ráð fyrir að hugur lærisveina og verðandi lærisveina séu að einhverju leyti samhljóma sálinni og að sálin, hugur og heili séu samtengd og samstillt og byrjuð að starfa saman sem ein heild. Þetta er ábyrgðarhluti einstaklingsins. Nú þarf að læra að vera móttækilegur fyrir heildinu og að finna og ná sambandi við huga á svipuðum hugsanabylgjum. Þetta þarf að þroska. Við skulum sthuga hinar mismunandi tegundir fjarhrifastarfs.

Hinn lítt þróaði og hugrænt óþroskaði maður og kona geta oft verið og eru næm fyrir fjarhrifum, en þau starfa í gegnum miltisstöðina (spleen). Boðskipti eru því frá einni orkustöð til annara. Þetta eru því ósjálfráð fjarhrif og tengjast tilfinningu í öllum tilfellum. Þau tengjast

Því undantekningalaust útgeislun frá miltisstöðinni, en í dýraríkinu gegnir þessi orkustöð venjulega hlutverki heilans. Þessi tegund fjarhrifaboðskipta er einkennandi fyrir dýrslíkama mannsins og eitt besta samband móður og barns. Þessi tegund fjarhrifa eru ríkjandi á flestum andafundum. Miðillinn setur sig ómeðvitað í fjarhrifasamband við viðstadda. Tilfinningar, sorgir og þrár þeirra koma í ljós og móta að hluta til svokallaðann lestur. Sitjarar og miðill starfa í gegnum sömu orkustöð. Af slíkum miðli og þessari tegund miðilsfundar mun gáfaður og hugsandi maður eða kona ekki læra neitt og mun líklega ekki fá nein skilaboð, nema e.t.v. fölsuð. Þegar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar af þjálfuðum hugum hefur hin efnislega hlið setið í fyrirrúmi en ekki fíngerðari hlið dulnæmis. Þar sem notaðar hafa verið fíngerðari tegundir yfirskilvitlegrar skynjunar, hafa viðkomandi aðilar verið á unglingsaldri eða rúmlega tvítugir og því fyrst og fremst og eðlilega verið vitundarstilltir í geðlíkamanum. Þannig er það jafnvel þó þeir séu mjög þroskaðir vitsmunalega.

Þetta form fjarhrifaboðskipta er því tvennskonar, í tengslum við miltisstöðina í báðum tilfellum.

a. Það er frá einni orkustöð til annarrar á milli tveggja aðila sem eru venjulegir, tilfinningaríkir, láta stjórna af löngunum og eru fyrst og fremst vitundarstilltir í geð og dýrslíkama.

b. Það er á milli slíkrar persónu, ef ég má nefna það svo, og hærri manngerðar sem hefur virka miltisorkustöð og einnig virka hálsstöð. Þessi manngerð tekur á móti á tveim stöðum, svo framarlega sem aðsend hugsun frá fyrri persónunni inniheldur eitthvert hugefni eða hugarorku. Miltisstöðvar boðskipti eru nauðsynleg aðeins fyrir tilfinninga- og geðræna strauma.

Síðar, þegar heildi starfa við fjarhrif munu miðlunarorkustöðvarnar þar sem háleit og helg tilfinning, trúarhollusta, æðri leit og kærleikur varða mestu og heildin starfa af hreinum kærleika, munu boðskiptin verða frá hjarta til hjarta og frá hjarta eins heildis til hjarta annars. Setningin "að tala frá hjartanu", sem svo oft er notuð, er venjulega rangnefni nú á tímum, en mun síðar reynast sönn. Nú eru þetta venjulega miltisstöðvar.

Önnur tegund fjarhrifa eru frá einum huga til annars, en helstu rannsóknir, um þessar mundir, fjalla um þau. Þær snerta aðeins hugrænt innstillta menn og því betur sem hægt er að uppræta geðhrif, tilfinningu og sterkar þrár, því nákvæmara verður starfið. Sterk löngun til að ná árangri í fjarhrifaboðskiptum og óttinn við að mistakast er öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir árangur. Í þessu starfi er hlutleysi og "alveg sama" viðhorf besta hjálpin. Þeir sem fást við tilraunir á þessum sviðum þurfa að verja meiri tíma til að bera kennsl á hina mismunandi krafta. Þeir þurfa að gera sér grein fyrir að geðhrif og þrá eftir einhverju af hálfu móttakandans myndar orkustrauma sem hindra eða hafna því sem reynir að ná sambandi, svo þegar aðsendri hugsun einhvers sem leitar eftir sambandi. Þegar þessir straumar eru nægilega sterkir virka þeir sem "boomerang" og snúa til baka að upptökum sínum. Máttur þeirra sveiflna sem sendi þá af stað laðar þá til baka. Í þessu felst orsökinn fyrir:

a. Mistökum sendanda eða miðlunaraðila. Áköf þrá eftir góðum árangri laðar viðkomandi hugsun til baka til sendanda.

b. Mistökum móttakanda sem með sinni áköfu löngun til að takast vel sendir frá sér slíkan straum orku að hann hindrar og hrekur aðsendan orkustraum til baka til upptaka sinna. Ef móttakandi gerir sér ekki grein fyrir þessu og leitast ekki við að lægja öldur löngunnar sinnar mun honum venjulega takast að byggja upp vegg langana í kringum sig sem ekkert fær smogið í gegnum.

## II. FJARHRIFASTARF

Fjarhrif og skyld öfl verða ekki skilin fyrr en eðli krafta, geislunar, geislunarorku og orkustrauma verður betur þekkt. Skilningur mun aukast um leið og vísindin kafa dýpra í leynardóma orkunnar og byrja að starfa í heimi hinna ýmsu krafta, eins og dulspekingurinn.

Einnig þarf að hafa hugfast að fyrst þegar viðkomandi orkustöðvar eru notaðar með fullri vitund, verður starfið vandað og árangursríkt. Til dæmis mun tilfinninganæm persóna sem aðallega notar Solarplexus-stöðina aðeins valda misskilningi ef hún reynir að ná fjarhrifatengslum við huglæga manngerð. Þessir tveir aðilar nota mismunandi orkustöðvar og eru næmir fyrir ákveðnum gerðum orku en lokaðir fyrir öðrum. Einnig reyna sumir sem eru huglægt innstilltir að mynda fjarhrifatengsl þegar annar aðilinn er undir tilfinningalegu álagi og tekur því ekki á móti eða er upptekinn af einhverju huglægu viðfangsefni og er umluktur vegg hugforma og því ómóttækilegur fyrir áhrifum. Þið sjáið því hversu nausynlegt það er að rækta með sér hlutleysi og hleypidómaleysi til að árangur náist í fjarhrifum.

Allir þeir sem leitast við að feta braut lærisveinsins, reyna að "lifa" í höfuðstöðinni og — með hugleiðslu — að opna fyrir krafta sálarinnar. Vandamál ykkar eru hin sömu og lærisveina sem eru að þjálfa upp næmni fyrir fjarhrifum og byggjast á eftirfarandi tveim þáttum:

a. Á þeim persónulíkama sem virkastur er. Þetta gefur einnig til kynna hvar aðaláhugamál þín liggja og hvar þinn huglægi "samastaður" er.

b. Á þeirri ether-orkustöð sem er kröftugust og tengir þig best nútíma lífsskilyrðum. Með þessum orðum á ég við hvert lífsorka þín beinist í meginatriðum og hvar skynjunarhæfnin birtir sig helst. Skilningur á þessu mun gera þig hæfari til að starfa og fást við skynsamlegar tilraunir. Hafið því gætur á ykkur sjálfum, á ópersónulegan hátt, og leitið orsaka þeirra áhrifum sem þið framkallið, því þannig mun ykkur lærast.

Þriðja tegund fjarhrifa er frá sálarvitund til sálarvitundar. Þetta er hin æðsta tegund fjarhrifa sem möguleg eru manningum og sú tegund boðskipta sem stendur að baki öllum innblásnum ritverkum, ritningum heimsins, upplýsandi orðum, innblásnum ræðumönnum og tungumáli táknfræðinnar. Þetta er aðeins mögulegt þegar um er að ræða samþættan persónuleika og á sama tíma, búinn hæfileika til að halda athyglinni í sálarvitundinni. Á sama tíma þurfa hugur og efnisheili að vera fullkomlega samtengdir.

Það er ætlun mín að útskýra betur þessi boðskiptafræði, sem hefjast með snertiskyni og þróuðust fyrir tilstuðlan hljóðs, tákna, orða og setninga, tungumála, ritlistar, myndlistar og annara listgreina og áfram upp á svið æðri tákna, fjarhrifa, innblásturs og uppljómunar. Fram að þessu hef ég fjallað um þetta vítt og breitt og munum við taka einstök smáatriði fyrir síðar.

Starf fjarhrifans er eitt hið mikilvægasta á komandi tímum og mikilvægt er að öðlast einhverja hugmynd um merkingu þess og tækni. Í stuttu máli vil ég taka fram, að í sambandi við einstaklinga eru fjarhrifin:

1.

a. Á milli sálar og huga.

b. Á milli sálar, huga og efnisheila.

Þetta á við um hinn innra þroskaða einstakling.

2. Þegar fjarhrifin eru á milli einstaklinga, eru þau:
  - a. Á milli tveggja sálarmanna.
  - b. Á milli tveggja huga.
  - c. Á milli solarplexus-stöðvar og solarplexus-stöðvar og því algjörlega á sviði tilfinninganna.
  - d. Á milli allra þessara þriggja orkuþátta samtímis, þegar um mjög þroskaða einstaklinga er að ræða.

3. Fjarhrif er einnig að finna:
  - a. Á milli meistara og eins eða fleiri lærisveina hans.
  - b. Á milli meistara og hóps hans annars vegar og heildis eða hóps dulnæmra leitenda eða vígsluhafa á jarðneska sviðinu hins vegar.
  - c. Á milli innri og ytri heilda og hópa.
  - d. Á milli meðlima helgistjórnarinnar og hóps lærisveina á jarðneska sviðinu.
  - e. Á milli helgistjórnarinnar og hins nýja hóps heims þjónenda, í þeim tilgangi að ná til mann kynsins og færa það nær takmarki sínu.

Þetta á við hin nýju fræði hóp-fjarhrifa, en múgsefjun (eins algeng sem hún er) er lægsta birting hóp-fjarhrifa sem þekkt er. Þessi ósjálfráðu fjarhrif, sem sjást í hópflugi fugla er haga sér sem ein heild, eða þeim dýra-fjarhrifum sem á svo dularfullan hátt stjórna hegðun heilla hjarða; skjót upplýsingamiðlun á meðal frumstæðra kynþátta og lítt þróaðra manna, — eru dæmi um lægri efnisbirtingu innri andlegs veruleika. Millistig þessarar ósjálfráðu starfsemi, sem byggist að mestu leyti á svörunum solarplexus-stöðvarinnar, má skoða í nútíma hópsálarfræði og almenningsálitinu. En almenningsálitnið er, eins og þið vitið, fyrst og fremst tilfinningaríkt, og síbreytilegt í sinni birtingu en ekki alltaf skynsamlegt. Þetta er þó óðum að færast inn á svið þess sem nefnt er "skynsamleg viðhorf almennings," en umskiptin eru hæg. Þetta er háð starfsemi háls- og ennistöðvarinnar.

Við höfum því:

1. Fjarhrif tengd eðlisávísuninni.
2. Hugsanaflutning.
3. Innsæisfjarhrif.

Ég vil minna á hér í byrjun, að næmi fyrir hugsunum meistara síns, næmi fyrir sviði hugmynda og fyrir innsæisáhrifum eru öll mismunandi tegundir fjarhrifanæmis. Hvernig sem um þetta efni er fjallað er augljóst að það þarf að taka þrjú meginatriði til umhugsunar:

1. Upptökin.  
Ég nota þetta orð í ákveðnum tilgangi, því hæfileikar til fjarhrifa, hvort sem er sendandans eða þess sem á móti tekur, eru nátengdir vitundarþennslunni, vígslunni, og er ein þeirra vísbendinga sem gefa til kynna að viðkomandi er að nálgast það að vera reiðubúinn undir þetta merkilega ferli.
2. Móttakanda þess sem honum er fært á "vængjum hugsunar".
3. Þann miðil sem ákveðið hefur verið að skuli sjá um flutning hugsunar, hugmyndar, óskar, áhrifa og því einhverskonar þekkingar.

Þetta er einfaldasta staðhæfingin um grunnuppbyggingu þessarar framvindu. Þetta felur einnig í sér grundvallarskilning á þeirri hugsun sem fram kemur í Baghavad Gita og túlkuð hefur verið á Vesturlöndum sem Þekkjandinn, Þekkingarsviðið og Hið Þekktá. Ykkur hefur oft verið sagt að öll heilög ritverk, eins og t.d. Baghavad Gita megi túlka á fleiri en einn veg, allt eftir því hvar á þroskabrautinni lesandinn eða sannleiksleitandinn er staddur. Þessi túlkun á BG með orðunum Miðlari, Miðlun, Miðlunarþegi þarfnast enn frekari skýringar en með

áður nefndri hugmynd hef ég gefið þér vísbendingu.

### III. ÞRJÁR GERÐIR FJARHRIFA

Nú skulum við fjalla nánar um þær þrjár gerðir fjarhrifa sem áður hafa verið upp taldar: Eðlislæg fjarhrif, huglæg fjarhrif eða hugsanaflutning og innsæis-fjarhrif. Þessar þrjár gerðir fjarhrifa leiða af sér ólíkar verkanir og starf þeirra fer fram á ólíkum boðskiptasviðum.

1. Eðlislæg fjarhrif byggjast á þeim orkuáhrifum sem eiga upptök sín í og stafa frá orkulíkamanum og þau hafa áhrif beint á annan orkulíkama. Sá miðill boðskipta sem hér um ræðir er, eins og áður hefur komið fram, það etheríska efni sem liggur að baki allri formbirtingu og er eitt með etherefni sjálfrar plánetunnar. Svæðið umhverfis solarplexusinn (ekki þó í beinum tengslum við samnefnda orkustöð þegar hún er skoðuð sem aðskilin öðrum orkustöðvum) er næmt við etherorku áhrifum því þetta svæði ether-líkamans er í beinni snertingu við astral-líkamann, tilfinningalíkamann. Einnig er að finna nálægt solarplexusinum þá orkustöð, í námunda við miltað, sem stýrir móttöku pranaorkunnar inn í efnis-líkama mannsins. Þessi eðlislæga svörun við etheráreitni og áhrifum var samskiptamáti Lemúrú-tímabilsins og kom að miklu leiti í stað hugsana og máls. Svörunin var í megin-þáttum við tvennskonar áreiti: þeim þáttum sem snéru að eðlislægri sjálfsvernd og þeim þáttum sem snéru að viðhaldi tegundarinnar. Æðra form þessarar tegundar fjarhrifa hefur varðveist í orðtökum eins og að hafa þetta eða hitt "á tilfinningunni." Hér er þó um að ræða fjarhrif sem eru nær því að vera tilfinningaleg og sem verka fyrir tilstilli astralefnis sem beitir solarplexussvæðinu sem skynflöt áreitis og áhrifa.

Hér þarf eitt atriði nánari umfjöllun og krefst þess að þú hugsir vandlega um það. Þessi astral næmni eða "tilfinningaáhrif" er í raun hinn atlantíski samskiptamáti sem undir lok þess þróunartímabils beitti sjálfri solarplexus stöðinni sem móttakara en sendirinn (ef nota má það heiti) starfaði með öllu þindarsvæðinu. Það var sem í þessum hluta mannlíkamans kæmi fram samsafn krafta eða frágeislunarorku. Þetta hlutfallslega stóra svæði þaðan sem upplýsingar voru sendar vann sem stór alhliða dreifimiðill; það svæði sem tók á móti var mun staðbundnara og náði einungis til solarplexusins sjálfs. Ástæðuna er að finna í þeirri staðreynd að á atlantistímabilinu var maðurinn í okkar skilningi ekki farinn að hugsa.

Það er erfitt fyrir okkur að skilja það á hvaða hátt allur neðri hluti líkamans þjónaði tilfinningum; hið eina framlag sem kom frá huga sendandans var nafn viðtakandans ásamt nafnorði eða heiti sem fól í sér hugmyndina sem senda átti. Þessi takmarkaða hugsun barst síðan að marki sínu og við henni tók hið kraftmikla verkfæri tilfinninganna, solarplexusinn, og (líkt og segull) dró að sér "tilfinninguna" og tengdist sendandanum. Það er t.d. þetta ferli sem orsakar skynjun móðurinnar á hættu sem steðjar að barninu eða að eitthvað sé nú á seyði. Þetta veldur því að vegna eðlisbundins kærleika getur móðir sent frá sér mjög sterka viðvörun. Þegar um móttakandann er að ræða þá er það sólar-plexusinn sem er virkur, en það er svæðið umhverfis þindina hjá sendanda.

Allt sem á sér stað í tengslum við mannlega vitund byrtist ávallt útávið eða samsvarar einhverjum þætti hins ytri sjáanlega efnisheims, og þannig er því farið um hinn þroskaða áhrifanæmleika. Við getum einnig athugað á annan máta viðbrögðin á milli sendisvæða vitundarinnar og móttökusvæðanna. Við gætum listað þætti ferlisins. Margt verður áfram að vera fræðilegt og fátt er enn framkvæmanlegt. Ég ætla samt að lista fyrir ykkur almennt hinar

ýmsu gerðir fjarhrifa:

1. Fjarhrif á milli sólarplexus orkustöðva.

Við höfum áður fjallað um þennan hátt fjarhrifa. Þau eru nátengd tilfinninganæmi og að mestu án hugsunar; þau tengjast geðbrigðum, svo sem ótta, hatri, óbeit, ást, löngun og mörgum öðrum gagnverkunum sem eiga sér það sameiginlegt að vera hrein astral--fyrirbæri. Þessi fjarhrif eru ósjálfráð og stafa frá svæðinu neðan við þindina.

2. Fjarhrif á milli tveggja huga.

Þetta er að verða möguleiki og mun fleiri hafa til að bera getu til þessara samskipta en ætlað er. Í dag vita menn ekki hvaðan hinar ýmsu hugmyndir og hugdettur koma en einmitt þetta eykur vandamál samtíðarinnar og geðræn vandamál þúsunda einstaklinga.

3. Fjarhrif á milli hjartastöðva.

Þessi gerð fjarhrifa er æðri útgáfa, eða æðri gerð þess tilfinninganæmis sólarplexus stöðvarinnar sem byrjaði að gera vart við sig mun fyrr á þróunarbrautinni. Þetta á einungis við um hóp fjarhrif og er það sem liggur að baki þess ástands sem fjallað er um í Biblíunni í tengslum við næmasta einstakling allra tíma, Krist. Þar er talað um hann sem "a man of sorrows and acquainted with grief," en þessu fylgir enginn persónulegur harmur né sorgarefni. Þetta er einfaldlega vitundin um sorgir og þunga heimsins sem hrjá mannkynið. "Samkend í þjáningu Krists" er svar lærisveinsins við sömu heimsaðstæðum. Hér er hið sanna "brostna hjarta" sem er enn mjög sjaldgæft. Hið "almenna" brostna hjarta er bókstaflega rofin sólarplexus orkustöð, sem leiðir til hins algera hruns þess sem fræðin nefna "tilfinningastöðina" og þar með taugakerfisins. Hin raunverulega orsök þessa ástands er vanmáttur sálarinnar gegn aðstæðum.

4. Fjarhrif frá sál til sálar.

Fyrir manninn er þetta hið æðsta form fjarhrifa. Þegar maðurinn getur, sem sál, byrjað að hafa samband við aðrar sálir og sýnt svörun við áhrifum þeirra, þá er hann á hraðleið með að vera tilbúinn fyrir það ferli sem leiðir til vígslu.

Tveir aðrir flokkar fjarhrifa koma til greina og vill ég telja þá hér upp. Þessir möguleikar opnast þegar fjarhrifin sem áður hafa verið upp talin byrja að mynda í heild sinni meðvitaðann þátt í reynslu lærisveinsins.

5. Fjarhrif milli sálar og huga.

Þetta er sú aðferð þegar huganum er "haldið stöðugum í ljósinu," og verður þá síðan "meðvitaður" um innihald sálarvitundarinnar, sem er áskapað, eða þætti hóplífs sálarinnar í sálarheiminum og fjarhrifasamböndum hennar við aðrar sálir eins og fjallað var um í fjórða lið. Þetta er hin sanna merking innsæisfjarhrifa. Í þessum fjarskiptum er hugur lærisveinsins örvaður með nýjum andlegum hugmyndum; hann verður meðvitaður um áætlunina miklu, innsæi hans hefur verið vakið. Hér ber að hafa í huga atriði sem oft vill gleymast: Flæði hinna nýju hugmynda frá sálarheiminum, sem vekja innsæisþátt lærisveinsins, bendir til þess að sál hans sé að hefja meðvitaða og ákveðna sameiningu við andlegu þrenndina en um leið samkennir hún sig í sífellt minna mæli við hina lægri endurspeglun sína, persónuleikann. Þetta huglæga næmi og tengsl á milli sálar og huga er í langan tíma tiltölulega samhengislaust innan hugarheimsins. Það sem skynjast er enn of mikið á reiki eða of torskilið til að það myndi samstæða heild. Þetta er stig andlegra sýna og innri þroska.

6. Fjarhrif á milli sálar, huga og heila. Á þessu stigi er hugurinn enn móttakandi áhrifa frá sálinni en gerist um leið sendandinn til heilans. Áhrifin frá sálinni og þau innsæisáhrif sem teljast komin frá andlegu þrenndinni, í gegnum sálinna, eru hér gerð að



hugsunum; hinar óljósu hugmyndir og sú innri sýn sem hingað til hefur ekki hlotið tjáningu fá nú sinn búning og form og eru nú send sem innihaldsrík hugform til efnisheila lærisveinsins. Sá tími mun koma að lærisveinninn getur, eftir verklega þjálfun, náð tengslum við huga og heilavitund annara lærisveina. Þetta er sérlega áhugavert stig og er ávöxtur rétrar hugleiðingar og ber með sér aukna ábyrgð. Meira um þetta stig fjarhrifa er að finna í bókinni *A Treatise on White Magic* (bls. 176 - 180, 427 - 428, 477 - 478).

Það sem ég hef hér bent á er í meginatriðum allt það er snertir manninn og hin innri einstaklingsbundnu tengsl hans, þjálfun og virknisvið. Eftir er þó stór flokkur fjarhrifa sem hafa ber í huga þar sem þar er að finna þau markmið sem maðurinn stefnir að á þessu sviði.

7. Fjarhrif á milli meistara (einingartákn hóps) og lærisveinsins í sínu persónulega lífi. Það er innri sannleikur að engum er raunverulega veittur aðgangur (sem viðurkenndum lærisveini) að hópi einhvers meistara þar til hann er næmur við andlegum áhrifum og getur starfað sem hugur í samstarfi við sína eigin sál. Áður en þetta gerist getur hann ekki orðið meðvitaður hluti starfandi hóps á innri sviðunum sem safnast hefur saman um persónugerðann kraft, meistarann; hann getur ekki starfað í gagnkvæmum skilningi með samlærisveinum sínum. Aftur á móti þegar hann getur að einhverju marki starfað sem meðvituð sál þá getur meistarinn byrjað að hafa áhrif á hann í gegnum hóphugmyndir fyrir tilstilli eigin sálar. Lærisveinninn er nú staðsettur við hin ytri mörk hópsins í töluverðan tíma. Að lokum, þegar hin innri næmni eykst, getur hann tekið rétt á móti áhrifum frá meistarannum og lært samskipta-aðferðina. Síðar getur lærisveinahópurinn, sem þá starfar tímabundið sem eitt samsett hugform, náð til lærisveinsins og hann orðið þannig sjálfkrafa hluti hópsins. Fyrir þá sem hafa til að bera hina sönnu innri skynjun mun þessi málsgrein bera með sér mikið af upplýsingum sem hingað til hafa verið leyndar.

8. Fjarhrif á milli meistara og hóps hans. Þetta er sú aðferð sem meistari notar við að þjálfar nemendur sína og til að starfa í gegnum þá. Hann sendir þeim öllum samtímis hugboð í formi hugmynda eða sannleikskorns. Með því að fylgjast með viðbrögðum þeirra getur hann metið heildarvirkni hópsins og viðbragð.

9. Fjarhrif á milli innri og ytri hópa. Hér á ég ekki við sambandið á milli innri hóps lærisveina sem starfar meðvitað í hugheimum og þess ytra forms sem hópurinn tekur sér. Það sem ég á við er innri hópur og annar ytri hópur eða hópar. Þessir hópar, innri og ytri, eru ýmist góðir eða slæmir allt eftir eiginlekum hópmeðlima og tilgangi. Þetta opnar upp heilan flokk samskipta og er ein þeirra aðferða sem einstaklingar innan helgivalds meistaranna nota. Það er þó ekki mögulegt hópum í hinum ytri sýnilega heimi að bregðast við þessari tegund sambands þar til meirihluti meðlimanna eru með hjartastöðina virka. Í tengslum við þetta skulum við skoða mjög áhugavert atriði. Vakning hjartastöðvarinnar gefur til kynna heildarhugsun, virðingu fyrir hópum og samskiptum innan þeirra, einnig hóphugsun og hópstarf. Ef höfuðstöðin er ekki einnig vöknuð og starfandi getur sálin ekki ráðið ferðinni og starfsemi hjartastöðvarinnar er þá ekki beinlínis það sen við köllum góð eða andleg. Virkni hjartastöðvarinnar er fullkomnlega ópersónuleg eins og virkni hinnar sýnilegu sólar en eins og þið vitið þá er hjartað tákn hennar. Hún skín jafnt á alla, góða sem slæma; það hópstarf sem vakning hjartastöðvarinnar leiðir til á hvort tveggja við um "góða" og "slæma" hópa. Af þessu má ráða nauðsyn þess að höfuðstöðin sé vakin til virkni og til sögunnar komi stjórn sálarmannsins; þessvegna er áhersla lögð á uppbyggingu persónuleikans og þessvegna er þörf á hugleiðslu.

10. Fjarhrif á milli helgivalds meistaranna sem hóps eða hluta þess og hópa lærisveina. Það er lítið sem ég get sagt ykkur um þetta og þið munduð ekki skilja og gætuð ekki skilið efnið. Sú tilraun sem nú fer fram í tengslum við hinn nýja hóp heimspjónenda er tengd

Þessari gerð fjarhrifa.

Sum þessara fjarhrifa hafa auðvitað sína bjöguðu spegilmynd í hinum sýnilega efnisheimi. Þið gætuð brotið þær til mergjar og rakið samsvaranirnar þeirra. Hvað eru "hópsálarfræðileg einkenni" ásamt sínumóbilgjörnu eiginleikum og blindu virkni annað en fjöldasvörun sólarplexus áhrifa sem berast á milli hópa? Hvað er hið svonefnda "almenningssálit" annað en fálmkennd svörun fjöldahugans, huga þeirra manna og kvenna sem eru að byrja að fóta sig í hugarheiminum í takt við áhrif sér virkari og aflmeiri huga?

Hið ritaða og mæltá mál eru ekki útaf fyrir sig nægileg skýring á nútíma fjöldaáliti eins og við þekkjum það. Hvað annað en eðlislæg fjarhrif eru á ferðinni þegar, að því virðist, nákvæmar upplýsingar berast á skömmum tíma á milli frumstæðra hópa, eðlislæg fjarhrif sem nota orkulíkamann ásamt hinu praníska flæði sem sinn miðil. IV. Um er að ræða þrjár tegundir orku.

Gagnkvæm fjarhrifatengsl á milli meðlima hóps vaxa fyrir tilstilli stöðugs hugarfars íhugunar og óbifanlegs kærleika hvers til annars. Ég vill mynna ykkur á að þegar ég nota þetta orðalag á ég við þær tvær megin orkutegundir sem er að finna í heiminum í dag. Orka er í eðli sínu virkt efni. Þessar tvær gerðir krafta eru gerðar úr þáttum lífsorkunnar, virkni hennar og efni sem er svo fíngert að kraftarnir geta starfað í gegnum og "þvingað til virkni" orkuflæði það sem myndar efnismassa orkulíkamans en um það efni hef ég áður fjallað (A treatise on the seven rays, II. bls.113).

Af þessu sjáum við að fjarhrif fela í sér þrjár tegundir krafta sem lýsa sér með getu sinni til örvunar:

#### 1. Kærleikskraftinn með seguleiginleika sínum, sem:

a. dregur það að sem nauðsynlegt er til að gæða lífi hugmyndina, hugsunina eða hugtakið sem senda á. Kærleikskrafturinn er einnig sá þáttur sem dregur að þegar um viðtakandann er að ræða. Bæði sendandi og viðtakandi vinna þannig með sama kraftinn; sendandinn notar kærleikskraft heildarinnar en viðtakandinn einbeitir að sendandanum sínum eigin eðlislæga kærleikskrafti. Ef rétt er þá skiljið þið hversvegna ég legg áherslu á nauðsyn kærleika og aðfinnsluleysi.

b. er eiginleiki samheldninnar sem tengir sendandann og viðtakandann, og sem einnig liggur að baki samhengis þess sem sent er. Af þessu sjáum við að það er nú fyrst sem við getum farið að leita víðari og almennari tjáningu fjarhrifa í heiminum, það er fyrst nú sem kærleikspátturinn er raunverulega farinn að hafa víðtæk áhrif í heiminum. Kærleikur til málefna, stjórnmalaflokka eða hugmynda er að vera æ meir áberandi og leiðir í fyrstu til hins mikla skoðanamunar sem við þekkjum svo vel og sem veldur okkur þungum áhyggjum um þessar mundir. Þetta mun þó að lokm leiða fram hið ráðandi hugarfar kærleika sem læknar missætti og leiðir til sameiningar á meðal manna. Kærleikur (ekki viðkvæm tilfinningasemi) er lykillinn að árangursríkum fjarhrifum. Berið því kærleika hvert til annars af endurnýjuðum krafti og hollustu; leitist við að tjá kærleika á alla mögulega vegu -- í hinum séða efnisheimi, á sviði tilfinninga og með réttri hugsun. Látið kærleika sálarinnar leika um alla líkt endurnýjandi krafti.

2. Hugaraflið. Þetta er hin geislandi orka sem "lýsir leið" hugmynda eða forma sem senda á og taka á móti. Gleymið því ekki að ljósið er fíngert efni. Á geisla ljóss getur orka hugans íklæðst sér þéttara efni. Þetta er einnna mest áriðandi yfirlýsingin sem sett er fram í tengslum við fjarhrifavísindin.

Árangurinn byggist á samstillingu líkama sendandans og móttakandans. Hin tvöfalda

tenging verður bæði að vera búin hugarkrafti og raforku efnisheilans. Hinn magnaði kraftur kærleikans við að ná athygli, að orsaka samstillingu og að mynda samband og skilning nægir ekki einn sér hinum nýju fjarhrifum sem munu einkenna hið nýja tímabil. Vitrænn þroski og stjórn hans verða einnig að vera fyrir hendi.

Þessi gerð fjarhrifa er utan getu dýrssálarinnar jafnt og þegar um sólarplexus tengsl er að ræða á milli manna og kvenna sem eru tilfinningalega innstillt. Þessi fjarhrifatengsl eru einkennandi fyrir hina mannlegu sál og eru frá huga til huga, heila til heila. Þetta er bókstaflega hugarástand sem er nægilega mótað af hinum samtengda vitræna persónuleika þannig að hann er meðvitaður um og samtengir sig ástandi og hugsanaferli annarar persónu.

3. Prönuorkan, hinn etheríski kraftur orkulíkamans. Þessi orka sýnir viðbrögð við eða er móttækileg fyrir hinum tvíþættu kröftum viljans og þrístingi hins magnaða afls kærleikans. Hugmyndin, hugformið eða hin vitræna áhrif sem verða að sá sér í heilavitund móttakandans opna gátt í prönuflæðinu og stjórna þannig virkni þess (sem er jafn stöðug og hugformmyndunar eiginleikar hugans, chitta) að heilinn sýnir tvenns konar viðbrögð:

a. Hann verður hlutlaus vegna áhrifa hinna þriggja orkutegunda sem hafa blandast saman í einn orkustraum.

b. Hann sýnir virka svörun við hugmyndinni, áhrifunum, hugforminu, tákningu, eða orðunum o.s.v.fr. sem berast til svæða meðvitaðrar virkni.

Ég ætla nú að draga saman og einfalda það sem um hefur verið fjallað og sýna þannið fram á hvernig hagnýta má þessar þrjár orkutegundir.

1. Með notkun kærleiksorkunnar á þrjá vegu:

a. Með því að senda meðbræðrum kærleika (ekki viðkvæmar tilfinningar) um leið og fjarhrif eru reynd, hvort sem verið sé að senda eða taka á móti.

b. Með því að hagnýta hina eðlislægu krafta kærleikans sem draga að efnismassa og íklæða þannig, á innræðan máta það sem þú sendir frá þér.

c. Með því að senda hina "íklæddu" hugmynd eða hughrif á kærleiksstreymi sem lagsbróðir þinn -- sem þá bíður vökull og móttækilegur -- mun laða til sín með meðvituðum kærleika til þín.

2. Með notkun hugarorku í þeirri viðleitni þinni að vitundarstillast á hinum andlegu sviðum vitundarinnar. Með afdráttarlausri viljaákvörðun liftir þú vitund þinni upp í hugarheiminn og heldur henni þar. Þetta er hin lægri endurspeglun, innan heilavitundarinnar á þeim eiginleika hugans að halda sér stöðugum í ljósinu. Árangur alls fjarhrifastarfs hvort sem um er að ræða hópstarf eða fjarhrif einstaklinga, mun byggjast á getunni til að halda þér sjálfum, í hugarnum, stöðugum í ljósinu. Mismunurinn er sá að nú framkvæmir þú í skipulögðum tilgangi og reynir að halda hugarnum stöðugum í ljósi hópsins en ekki sérstaklega í ljósi þinnar eigin sálar.

3. Með skipulagðri nýtingu orku hinnar etherísku ajna orkustöðvar og, af og til, orku höfuðstöðvarinnar þegar tekið er á móti fjarhrifum en hálsstöðvarinnar þegar sent er. Þegar stundað er fjarhrifastarf sem byggir á meðvitaðri undirgefni hinna kraftanna tveggja þá kallar það til virkni etherorku. Í reynd kemst þú að því að lærisveinninn þarf að hafa á valdi

sínu að geta framkvæmt þrennt samtímis. Þú ættir að athuga betur staðreynd og nauðsyn virkrar orku þegar fengist er við að senda fjarhrif og einnig hinn virka móttækileika þegar þú starfar sem móttökumiðill.

Ég vill benda á að árangursríkt fjarhrifastarf byggist á eftirfarandi þáttum:

Í fyrsta lagi, að um enga fyrirstöðu sé að ræða á milli sendanda og móttakanda. Sem dæmi um slíkar fyrirstöður mætti nefna skort á kærleika eða samkennd, almennar grunsemdir og aðfinnslur.

Í öðru lagi, að sendandinn beini athyglinni að mestu að skýrleika táknsins, orðsins eða hugsunarinnar en ekki að móttakandanum. Augnabliks athygli að móttakandanum ásamt skilning og kærleika nægir til að koma á tengslum, en síðan verður að beina athyglinni að skýrleika táknsins.

Í þriðja lagi, að móttakandinn hugsi í eina eða tvær mínútur með kærleika og hlýhug til sendandans. Síðan gleimi hann persónuleikanum. Orkuþráði hefur verið komið á á milli sendanda og móttakanda. Hugsuð síðan ekki meir um það.

Í fjórða lagi, að móttakendurnir starfi í anda hlutleysis og hleypidómaleysis. Flestir móttakendur eru svo ákafir við að taka rétt á móti að með eigin ákefð vinna þeir gegn viðleitni sinni. Afslappað hugarfar ásamt vakandi athygli hinnar innri hugmyndamyndunar, þess eiginleika mannsins að sjá "hlutina fyrir sér" mun, þegar á allt er litið skila betri árangri en nokkur ákafi eða sterk löngun til að sjá táknið og ná sambandi við huga sendandans.

Heilinn ætti að skynja endurspeglun innihalds hugans. Ef ljósgeisla er mætt af krafti sem stafar frá huga móttakandans eða sterku hugformi getur það komið í veg fyrir að hann nái til hugans. Vel þjálfaður sendandi getur þó komið í veg fyrir þennan vegatálma. Mikið af þessum vandamálum má rekja til hugforma móttakanda, eða til straumiðu illa skipulegrar hugarorku, útgeislun frá efnisheilanum sem ógildir allann afrakstur. Þess vegna mun rólynt hugarfar og vel skipulögð hugsun verða að mikklu gagni ásamt ræktun þeirrar hleypidómalausis óhlutdrægni sem æskir einskis til handa hins aðgreinda sjálfs og án allrar hörku.

Þörfin fyrir næma móttakendur er mikil. Þjálfuð ykkur. Gleymið sjálfum ykkur ásamt ykkar smáu vandamálum -- sem eru svo smá og lítilvæg samanborið við hin miklu úrlausnarefni nútímans. Verið vakandi fyrir þeim röddum sem berast frá heimi andlegra vera og berið kærleika til hvers annars ásamt tryggð og staðfestu.

## VI. Fjarhrif hópa.

3. Hugurinn er hin fyrsta ytri tjáning sálarvitundarinnar hjá hinum sanna leitanda.

4. Eftirfarandi fjarhrifasambönd eru möguleg og þau verður að muna:

- a. Frá sólarplexusstöð til s.plexusstöðvar.
- b. Frá huga til huga.
- c. Frá meistara til lærisveins.
- d. Frá hópi lærisveina til annarra svipaðra hópa.
- e. Frá innri hópum til móttækilegra ytri hópa.
- f. Frá helgiveldinu, í gegnum hina miklu leiðtoga þess til hinna ýmsu hópa meistaranna.
- g. Frá helgiveldinu til hins nýja hóps heimspjónenda.

5. Þeir meginþættir sem taka verður tillit til í öllum fjarhrifum:

- a. Orsakavaldur fjarhrifanna eða uppspretta þeirra.
- b. Móttakandi hugmyndanna, hugsananna eða orkunnar.
- c. Opinberunarþátturinn.

Vöxtur gagnkvæmra fjarhrifatengsla mun leiða fram tímabil alheimshugsunar og samruna, ásamt eiginleikum viðurkenndra tengsla og svörunar. Í þessu felst fyrst og fremst dýrð Vatnsberaaldarinnar.

Á sama tíma og maðurinn nær síauknum hugarþroska með þjálfun aðdráttarafls hugarþáttarins mun notkun hins mælda máls, til flutnings hugsanna á milli jafningja eða í samskiptum við æðra setta, leggja af. Tungumálið mun áfram verða notað til að ná til fjöldans og þeirra sem geta ekki starfað í hugarheiminum. Nú þegar er hljóð bæn, þrá til þess æðra og lotning metin meira en málalíbúnaður og háttstemmdar yfirlýsingar. Það er vegna þessarar þróunar að undirbúnings er þörf, lögmál og aðferðir fjarhrifasamskipta verður að útskýra til að hægt sé að öðlast vitsamlega og fræðilega þekkingu á þeim.

Lærisveinar verða að beina síaukinni athygli að réttum skilningi, réttri skilgreiningu og útlistun hinna nýju fjarhrifa-vísinda. Hugrænn skilningur og samhugur mun gera hið sanna samspil mögulegt. Það mun brúa bilið á milli hins gamla máta að skilja hugsanir með því að hlusta á hið mælda mál eða lesa (það sem umhverfir hugsunina sem hugsuðurinn leytast við að koma á framfæri) og þess framtíðarstígs milliliðalausrar svörunar við hugsunum, óháð hinu mælda máli eða öðrum vel þekktum tjáningar-formum. Lærisveinar munu leitast við að starfa á báða vegu, að kanna miðlunarfarvegi eðlilegra samskipta og huglægra samskipta og leytast við að útskýra þá. Á þennan máta má brúa umbreytinga-skeiðið. Það mun taka mannkynið um þ.b. fimmhundrað ár að verða eðlilega fjarskynjandi en þegar ég tala um eðlilega á ég við meðvitandi. Þetta tengingastarf verða lærisveinar að inna af hendi á þrjá vegu:

1. Með því að leytast við að skilja:

- a. Tjáningarmiðil fjarhrifa.
- b. Aðferð fjarhrifasendinga.
- c. Aðferð móttöku fjarhrifa.
- d. Hátt gagnkvæmrar fjarhrifavirkni.

2. Með því að hlúa að næmari svörun hvort við annað og öðrum sem lærisveinarnir umgangast. Í þessu felst:

a. Næm líkamleg svörun, í gegnum etherorkustöðvarnar, við þeim kröftum sem geisla frá orkustöðvum þeirra sem lærisveinarnir umgangast. Sérstaklega ætti að þroska næmleika ennisstöðvar-innar.

b. Næmleiki gagnvart ástandi tilfinninga og tilfinningasvörunar nærstaddra. Þetta er gert með því að þroska með sér sam-kennd og samúð, ásamt því hleypidómaleysi sem gerir viðkomandi möguleg rétt viðbrögð.

c. Næmleiki við hugsunum annara vegna huglægra tengsla á sviði hugans.

3. Með því að beita öllum þessum þáttur í hóp jafnt og einstaklingsbundið. Allt þetta sem á undan hefur verið sagt verður að vera þáttur alls hópstarfs.

Á þennan þrískipta hátt er mögulegt að móta persónuleikann þannig að hann verður næmt móttökutæki. Þegar síðan sálarvitund er náð eða vel á veg komin innan þroska einstaklingsins

víkur þetta þrí-skipta verkfæri fyrir innsæisbundnum móttækileika sálarinnar --- sem umlykur allt og sem er eitt með sál allra forma.

Þeir lærisveinar sem starfa á þessum grunni eru að næra frjókorn komandi innsæismenningar sem mun ná hápunkti sínum á öld Vatnsberans. Innsæið er hin óskeikula innsæisnæmni sem dvelur með hverjum manni; eins og þið vitið hvílir hún á milliliðalausri þekkingu, óháð öllu því sem finna má innan hinna þriggja heima persónuleikans. Kristur er fræ þessarar innsæis- framtíðar því "Hann vissi hvað í manningum bjó". Í dag geta hópar eða hópur hlúð að fræjum innsæisins; rækt við næmi fjarhrifa er eitt það áhrifamesta sem hægt er að gera til að leggja grunninn að framtíðarþeirringu þessa eiginleika innsæisins.

Sá maður sem sannanlega er fjarskyggn er næmur við áhrifum frá öllum lífsformum í persónuheiminum þrem. Hann er einnig jafn næmur fyrir áhrifum sem ná til hans frá heimi sálarinnar og innsæisins. Það er þroski hins fjarskyggna eðlisþáttar sem mun á endanum gera manninn meistara í persónuheiminum þremur og einnig í hinum fimm heimum mannlegs og ofurmannlegs þroska. Með því að draga í hlé (innræð abstraktsjón) og með því að einbeita sér að þeim sem fylgjandi eru fjarhrifum má þróa frekar vísindi fjarhrifa (sem frækorn framtíðargetu mannkynsins) og ná á þeim dýpri skilningi. Þetta er framvindan í dag og má aðgreina hana í tvo þætti: fyrir tilstilli fjarhrifahópa og einstaklinga með fjarhrifagetu; og í starfi efnisvísindalegra rannsókna. Uppbygging þess hugforms sem mun aðlaga mannkynið hugmyndinni um fjarhrif, miðar áfram og vaxtarskilyrði þessarar þróunar eru að verða þrungin lífi og breiðast ört út. Þetta frækorn er þegar á allt er litið, frækorn meistaramennsku.

## V. Vöxtur gagnkvæmra fjarhrifa.

Ég vill benda á að ná verður fullu valdi á notkun orða til fjarhrifa áður en mögulegt reynist að nota heilar setningar og hugsanir. Veljið orðið af kostgæfni og hugleiðið það, vitandi hvers vegna það var valið. Skoðið það á fjóra vegu eins og Patanjali benti á (The light of the soul bls.33).

1. Skoðið form þess, skoðið orðið táknrænt sem myndmál.
2. Skoðið það frá sjónarhorni eiginleika þess, fegurðar og lögunar.
3. Skoðið tilgang orðsins, kennslugildi ásamt hinum huglægu áhugavekjandi eiginleikum þess.
4. Skoðið hið eigin innra gildi orðsins og samkennið ykkur hinni guðlegu hugmynd þess.

Þegar þú ert kominn á þetta lokastig skaltu halda vitundinni stöðugri þar, um leið og þú sendir frá þér (ef þú ert sendandi) orðið til viðtakandans eða hópsins sem á að taka á móti því. Móttakendur ættu aftur á móti að hafa náð, eins vel og þeim er mögulegt, algjerri beinlínuröðun þessara þátta til þess að geta tekið á móti öllum fjórum þáttum orðsins. Þessi aðferð leiðir móttakandann nær því sviði sem hann á að starfa á - sviði æðri hugans. Orðið fer frá sendandanum á hinum lifandi andardrætti hans; lægri hugur hans sendir þá frá sér tilganginn; astral-vitundin sér um eiginleikabáttinn; og formþátturinn fylgir þegar sendandinn mælir fram orðið - mjúklega lágum rómi. Það sem hér að ofan segir er góð æfing og einföld; fjarhrifamátturinn ætti greinilega að aukast ef þessum fjórum stigum er samviskusamlega fylgt -- upp og að innan, niður og að utan - þegar verið er að senda fjarhrifin.

Á byrjunarstiginu, formstiginu, má nota hvaða form sem er til að innihalda orðið. Þetta er vegna þess að orð eins og "vilji" á sér ekki form eins og t.d. "glas" eða "sundlaug"; einnig kemur vel til greina að láta orðið halda sínu rit- eða prentformi, hvern bókafinn á eftir öðrum eða orðið í heild sinni. Eitt verður að hafa hugfast og það er að enda á sama

myndforminu og byrjað var á; og að lokum sé sent út það sem myndað var í byrjuninni.

Í stuttu máli: Hópur lærisveina sem starfar saman verður að læra það að: --

1. Hópum er haldið saman af innri samsetningu hugsunar.
2. Athygli hins ytra hóplífs beinist að orkulíkamanum.

Etherorkulíkaminn er:

- a. Móttakandi
- b. Dreyfiaðili orku frá huganum, sálinni, frá meistararum eða frá hóphuganum.